

NÁTTÚRULEIKSKÓLINN



KRAKKAKOT

2015-2016

# Ársskýrsla



Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

Hjördís G. Ólafsdóttir

Náttúruleikskólinn Krakkakot

26. September 2016

## Efnisyfirlit

|                                                               |    |
|---------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                               | 4  |
| Hagnýtar upplýsingar um skólann .....                         | 4  |
| Opnunartími .....                                             | 4  |
| Skólahúsnæði og nemendafjöldi .....                           | 4  |
| Upplýsingar um aðlögun og flutninga á milli deilda .....      | 5  |
| Starfsmenn .....                                              | 5  |
| Sumarstarfsmenn .....                                         | 6  |
| Skipurit leikskólans.....                                     | 7  |
| .....                                                         | 7  |
| Skóladagatal.....                                             | 8  |
| Skipulagsdagar 2015-2016.....                                 | 8  |
| Helstu verkefni og áherslur skólaárið 2016 - 2017.....        | 11 |
| Uppeldi til ábyrgðar .....                                    | 11 |
| Grænfáninn.....                                               | 12 |
| Læsi/Lesmál .....                                             | 12 |
| Fjölbreyttar matsaðferðir.....                                | 12 |
| Samstarf leik- og grunnskóla .....                            | 15 |
| Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla: .....                    | 15 |
| Mat á samstarfi leik- og grunnskóla.....                      | 16 |
| Foreldrasamstarf – helstu áherslur .....                      | 17 |
| Foreldraviðtöl .....                                          | 17 |
| Þátttaka foreldra/fjölskyldu í leikskólastarfinu .....        | 17 |
| Foreldraráð .....                                             | 17 |
| Foreldrafélag .....                                           | 18 |
| Túlkaþjónusta fyrir foreldra .....                            | 18 |
| Nýbreytni í leikskólastarfinu.....                            | 18 |
| Þróunarverkefnið .....                                        | 18 |
| Skólinn .....                                                 | 19 |
| Deildastjórar tóku starfsmannasamtöl við sína starfsmenn..... | 19 |
| Stoð- og sérfræðiþjónusta .....                               | 19 |
| Sérþarfir barna.....                                          | 20 |
| Fyrirkomulag sérkennslu.....                                  | 20 |
| Símenntun 2015 - 2016.....                                    | 20 |

## Ársskýrsla Náttúruleikskólans Krakkakots 2015-2016

|                                              |    |
|----------------------------------------------|----|
| Mat á leikskólastarfi.....                   | 21 |
| Innra mat á árinu 2015 - 2016.....           | 22 |
| Mat starfsfólks á skólastarfi 2015-2016..... | 22 |
| Niðurstöður mats.....                        | 23 |
| Endurmat á skipulagi og starfi deilda.....   | 26 |
| Öryggismál skólans.....                      | 26 |
| Slys á börnum – samantekt .....              | 26 |
| Húsnæði og viðhald .....                     | 27 |
| Lokaorð .....                                | 27 |

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

## Inngangur

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. september 2015 – 31. ágúst 2016. Hún byggir á því starfi sem unnið hefur verið í Náttúruleikskólanum Krakkakoti þetta síðasta skólaár.

Leikskólastarf í Krakkakoti grundvallast af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru grunnþættir menntunar læsi, sköpun, sjálfbærni, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð. Einnig byggjum við starf okkar á skólafélagi Garðabæjar.

Sérstaða náttúruleikskólans Krakkakots er að við vinnum samkvæmt uppeldisstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“, vinnum að umhverfismennt og flöggum „Grænfánanum“ í viðurkenningaskini fyrir þá vinnu. Skólinn hefur um langt árabil veðjað á að frjáls leikur barns sé þess helsta náms- og þroskaleið. Þess vegna gefum við leiknum mikinn tíma og rými í daglegu starfi skólans. Dýrahald svo sem hænur, kanínur og páfagaukar eru einnig stór hluti af daglegri starfsemi skólans, þetta síðasta skólaár hefur þó fækkað í bústofni skólans í bili þar sem hóbýli dýranna eru orðin ónýtt.

Með allt ofangreint að leiðarljósi vörðum við leið að samþættu og skapandi leikskólastarfi sem hefur þarfir einstaklingsins að leiðarljósi á náms- og þroskaleið hans.

## Hagnýtar upplýsingar um skólann

Heimilisfang: Við Breiðumýri

Símanúmer skólans: 5502330/8215006

Skólastjóri: Hjördís Ólafsdóttir, hjordisol@leikskolarnir.is

Aðstoðarleikskólastjóri: Laura Hildur Jakobsdóttir, lauraj@leikskolarnir.is

Heimasíða: www.krakkakot.is

## Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 7:30 – 17:00. Tekið var á móti börnum af öllum deildum inni í sal frá kl: 7:30 – 8:00. Eftir kl. 8:00 var tekið á móti börnum inni á viðkomandi deild. Í lok dags eða kl. 16:30 voru öll börn sem eru með vistun til kl 17:00 sótt á Heimaland.

## Skólahúsnæði og nemendafjöldi

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2 mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk

leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal meðal annars tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Náttúruleikskólinn Krakkakot er sex deilda leikskóli með börn fá eins árs aldri til sex ára aldurs.

Þann 1. desember 2015 dvöldu 102 börn í leikskólanum með mislangan vistunartíma. Það voru fjögur börn í 4-6 klst. vistun og 93 börn í 7-9,5 klst. vistun.

Fjöldi barna eftir árgöngum og kyni 1. des. 2014.

| 1 árs | 2 ára | 3 ára | 4 ára | 5 ára | Drengir | Stúlkur |  | Alls |
|-------|-------|-------|-------|-------|---------|---------|--|------|
| 18    | 17    | 23    | 19    | 25    | 53      | 49      |  | 102  |

### Upplýsingar um aðlögun og flutninga á milli deilda

Aðlögun hófst 15. ágúst 2016.

Aðlögun barna milli deilda hófst 11. ágúst og lauk 18. ágúst og gekk mjög vel og alveg í takt við þær umbætur sem gerðar voru á síðasta ári í aðlögun milli deilda og í ár var aðlögun milli deilda einnig aðlöguð að þátttökuaðlögun sem var gerð tilraun með á Undralandi í fyrsta skipti. 15. ágúst aðlögun nýrra barna og tilraun var gerð í fyrsta skipti með þátttökuaðlögun á Undralandi og gekk hún mjög vel.

Það má svo minnst á það hér að það var mikill munur að frístund Álftanesskóla opnaði dyr sínar fyrr en venjulega til að mæta þörfum leikskólans fyrir rými svo hægt var að byrja aðlögun nýrra barna 15. ágúst.

Foreldrar nýrra barna voru boðaðir á kynningarfund 7. júní þar sem farið var yfir stefnu og starfshætti skólans og foreldrum sýnd deild barnsins síns. Foreldrar voru kynntir fyrir deildarstjóra viðkomandi deildar og fengu afhent aðlögunarblað fyrir börn sín. Á þessum fundi er lagður grunnurinn að foreldrasamstarfi sem er afar mikilvægur þáttur í samstarfi heimilis og skóla.

### Starfsmenn

Í janúar 2016 störfuðu 29 starfsmenn við skólann í samtals 24,78 stöðugildum. Alls eru 51% starfsmanna skólans með leikskólakennaramenntun eða aðra háskólamenntun og 40% skólans eru leiðbeinendur og 9% starfsmanna sinna störfum í eldhúsi og þvottum. Átta starfsmenn voru í 100% starfi en aðrir í mismunandi starfshlutfalli. Einn starfsmaður sá um ræstingar auk þess sem fyrirtækið ISS sá um þrif á 2/3 hluta skólans.

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars og apríl. Sú nýbreytni var gerð að deildastjórar sáu um starfsmannasamtöl við sitt fólk en leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við deildastjóra, sérkennslustjóra og starfsfólk eldhúss. Mæltist þetta vel fyrir og voru deildastjórar ánægðir með þetta fyrirkomulag. Starfsmenn komu með ábendingar sem betur mættu fara en almennt var mikil ánægja starfsmanna með störf sín í Krakkakoti og starfsanda. Við hyggjumst hafa starfsmannasamtölin með þessum hætti annað hvert ár en árið á móti taka leikskólastjórnendur samtölin.

Kappkostað er að halda starfsfólki eins vel upplýstu og mögulegt er. Vel upplýst starfsfólk er öruggara og ánægðara í starfi. Upplýsingaflæði er með þeim hætti að haldnir eru morgunfundir þar sem farið er yfir daginn og öðrum nauðsynlegum upplýsingum komið á framfæri inn á deildir með deildastjórum.

Verkefnum hefur verið í meira mæli verið úthlutað til starfsmanna og þeir gerðir ábyrgir fyrir framgangi þeirra og niðurstöðum svo sem með skýrsluskriftum.


Starfsmenn eru duglegir að hittast og gera eitthvað saman og er það að þakka öflugri og skemmtilegri skemmtinefnd.

Skólinn er einnig heimaskóli tveggj nema frá Háskóla Íslands.

### **Sumarstarfsmenn**

Ráðin voru fimm ungmenni í vinnuátaki Garðabæjar til að vinna í Krakkakoti meðan starfsfólk skólans voru í sumarleyfum. Þetta voru frábær ungmenni sem sýndu dugnað, tóku ábyrgð og voru góðar fyrirmyndir. Þetta árið var hlutfall drengja hærra en stúlkna eða fjórir drengir og 1 stúlka. Auk þess störfuðu hér tvær stúlkur á vegum vinnuskólans.

### Skipurit leikskólans



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

## Skóladagatal

### Skipulagsdagar 2015-2016

12. september 2015

28. október 2015

4. janúar 2016 hálfur dagur

17. maí 2016

### Starfsmannafundir 2015 - 2016

22. september

20. október

11. nóvember

8. desember

26. janúar

16. febrúar

22. mars

19. apríl

10. maí



Barn að búa til afmæliskórónuna sína.

### Sérstakir dagar á skólaárinu

Í Krakkakoti er haldið upp á fjölmarga sérstaka daga á hverju skólaári sem er of langt að gera ítarleg skil. Þetta eru dagar eins og; Dagur læsis, göngum í skólann, alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur íslenskrar tungu, afmælisdagur Krakkakots, jólaball, þorrablot, dagur leikskólans, bollu, sprengi- og öskudagurinn, ömmu og afadagur, opið hús og sumarhátíð.

Einnig búum við til fjölmarga sérstaka viðburði í skólanum sem eru orðnir hluti af menningu hans, eins og; bókaviku, uppskeruhátíð að hausti, litadagar, rafmagnslaus dagur, rugludagur, leikfangadagar, Krakkakotsleikjadagur ásamt fjölmörgum öðrum viðburðum sem eru til dæmis tengdir sumarstarfi okkar. Börnin eru ávallt virkir þátttakendur í þessum viðburðum og fá þá oft en ekki að stíga á stökk og flytja ljóð, þulur og söngva fyrir gesti og hvert annað.



Í þessari ársskýrslu langar okkur sérstaklega að minnast nokkurra viðburða sem voru einstaklega vel heppnaðir og höfðuðu vel til barnanna og foreldra þeirra.

### Dagur leikskólans 6. febrúar.

Á degi leikskólans þetta árið beindum við sjónu innávið og ákváðum að reyna að búa til skemmtilegan og eftirminnilegan dag fyrir börn skólans. Settar voru upp fjölmargar stöðvar út um allann skólann og börnunum var frjálst að flæða um skólann og koma við á öllum þeim stöðvum sem þau vildu í eins langan eða stuttan tíma og þau vildu. Stöðvarnar voru fjölmargar s.s. listasmiðja, sull með raksápu og vatn, hreyfismiðja, smiðja með ljós og skugga og endurskin, herbergi með hveitidans, vinna með Ipad, slökun, nudd og hugleiðsla, frjáls leikur og tónlistarhorn.



### Opið hús 22. maí og uppskeruhátíð Listadaga.

Það var mikið um að vera í Krakkakoti á opnu húsi. Börnin og kennarar þeirra voru búin að undirbúa daginn vel. Börnin sýndu afrakstur sköpunarvinnu sinnar yfir veturinn og afrakstur vinnu sinnar í þemaverkefninu „Vorvindar glaðir“ sem var yfirskrift listadaga í Garðabæ þetta vorið. Við kynntum einni þróunarverkefni okkar „Hugarró nemenda“ og þróunarverkefnið sem beindist að því að nýta Ipad á uppbyggilegan og ábyrgan hátt í leikskólastarfi með börnum frá eins árs aldri. Börnin sungu vorsöngva fyrir gesti sína og buðu upp á ljósmyndasýningu á myndum sem þau tóku í umhverfi sínu og sýndu myndir af því þegar vorið er að vakna í náttúrunni. Börnin buðu einnig upp á listasýningu á viðfangsefninu „Fuglar“ sem þau höfðu unnið í fjölbreyttan efnivið. Sýningin var bæði í leikskólanum og í íþróttamiðstöð Álfþaness. Foreldrum og öðrum gestum var boðið í heimsókn þennan dag milli kl. 14:00 – 16:00 og var gestum og gangandi boðið upp á



hugleiðslu í salnum með börnum sínum sem mæltist einstaklega vel fyrir.

## Sumarstarf

Sumarstarf okkar hófst 1. júní og lauk 31. ágúst. Sumarstarf í Krakkakoti gekk afar vel og var vel skipulagt með ýmsum uppákomum tvisvar til þrisvar í viku. Þar má nefna;

- Skipulögð hreyfing alla daga í júní
- Krakkakotsleikar
- Sulludagar á fimmtudögum
- Dans og tónlist úti á föstudögum
- Hjóladagur
- Listadagar úti
- Holtakoti boðið í vöflukaffi
- Dúkkuvagna- og bíladagar
- Búningadagar
- Fjörufjör
- Lengri og skemmri vettvangsferðir



## Sumarhátíð leikskólanna 16. júní.

Var haldin með pompi og prakt, skólalóðin skreytt hátt og lágt og tónlist hljómaði um svæðið. Leikskólinn Holtakot og Krakkakot fóru í sameiginlega skrudgöngu en að henni lokinni fór hvor skóli inn á sína lóð. Foreldrafélagið bauð börnunum uppá tvo hoppukastala og starfsfólk Krakkakots setti upp leikritið „Geiturnar þrjár“. Grillaðar voru pylsur og nutu foreldrar, börn og starfsfólk þess að skemmta sér á þessum góða og skemmtilega degi. Foreldrafélagið bauð einnig upp á íspinna eftir pylsupartýið. Sumarhátíðin var haldin milli kl. 14:00 og 16:00 og tókst með miklum ágætum.



## Helstu verkefni og áherslur skólaárið 2016 - 2017

Leikurinn á alltaf stærstan sess í leikskólastarfinu og er honum æfinlega gefið mikið rými í daglegu starfi skólans. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og leikurinn er náms- og þroskaleið barns. Í leiknum gerast kraftaverk, í leiknum eflist félags- og tilfinningaþroski barna, sköpun og ímyndunaraflíð fær notið sín, hreyfiþroski eflist bæði fin- og grófhreyfingar, og börnunum lærist að lesa í leik og hinar ýmsu félagslegu aðstæður sem koma upp dag hvern.



### Uppeldi til ábyrgðar

Skólaárið 2016 – 2017 munum við halda á lofti uppeldis og agastefnu skólans „Uppeldi til ábyrgðar og leggja hana inn í barnahópinn eins og við höfum gert með góðum árangri undanfarin ár.

**Innlögn er á hverju hausti með svipuðum hætti:**

- tilfinningar
- hversu full er fatan þín
- þarfirnar fimm kynntar ein í einu og unnin verkefni í kjölfarið, börnin læra þarfasöngva
- það er í lagi að gera mistök
- skýr mörk - óásættanleg hegðun
- deildasáttmáli



### Grænfáninn

Skólaárið 2016 – 2017 vinnum við með nýtt þema í tengslum við Grænfánavinnuna en við hyggjumst flagga Grænfánanum í fimmta sinn í maí. Þemavinnan okkar verður „Lýðheilsa og munum við beina sjónum okkar að næringu, hreyfingu og hugarró.



## Læsi/Lesmál

Við höfum haldið áfram á sömu braut og undanfarin ár í markvissri málörvun. Unnið var markvisst í litlum hópum með það að markmiði að leggja sérstaka áherslu á að efla málþroska og tjáningu, auka orðaforða og efla hlustun barnanna í leikskólanum.

Það verður þó að viðurkennast að ekki náum við markmiðum okkar alveg varðandi „Orðaspjall“ en við erum komin vel á veg. Þessi vinna eins og önnur þarf tíma til að festast vel í sessi. Við höldum bara áfram að feta þessa leið en segja má að öll okkar markmið rúmist innan leiksins, þ.m.t. læsi.

Unnið er að því í skólanum að marka okkur „Læsisstefnu“ í tengslum við sáttmála sem bæjarstjóri Garðabæjar gerði á samt bæjarstjórum annarra byggaðarlaga við menntamálaráðherra vorið 2015.

*Fleira en starfi festa má  
í földum hugans leynum  
Allt sem fagurt er að sjá  
eins með okkur geymum.  
(Kolbrún Vigfúsdóttir)*



„Vorið vaknar“ séð með augum  
barns (ljósmynd eftir barn) .

## Fjölbreyttar matsaðferðir

Vel hefur tekist að halda matsáætlun skólans samkvæmt starfsáætlun og náðist að meta alla þá þætti skólastarfsins sem lagt var upp með. Einnig var gerð starfsmannakönnun meðal starfsmanna leikskólans á vegum skólapúlssins. Líkt og á síðasta skólaári náðist ekki eins og lagt var upp með að fá börnin til að koma meira að mati á skólastarfi og verður það að vera verkefni næsta skólaárs.

**Starfsmannakönnun** leikskóla hófst 1. Febrúar og lauk 1. Mars 2016. Fjöldi þátttakenda var 29, fjöldi svarenda 25. Starfsmannakönnunin mældi 29 þætti í fimm flokkum. Svarhlutfall starfsmanna í Krakkakoti var 86,2%. Að auki fékk leikskólastjóri spurningar sem snéru að rekstri skólans. Viðmiðunarhópin mynduðu allir leikskólarnir sem tóku þátt í könnuninni alls 44 skólar. Skólarnir voru ólíkir að stærð og staðsetningu.

Niðurstöður könnunarinnar voru í flestum tilvikum afar góðar fyrir Krakkakot. Krakkakot var í flestum tilfellum við meðaltalslínu og oft fyrir ofan hana. Það kom þó fram að ekki leið öllum starfsmönnum vel og voru einn til tveir starfsmenn sem svöruðu þannig að ausjánleg er að þeir

voru ekki ánægðir í vinnunni. Of langt væri að fara yfir niðurstöður starfsmannakönnunarinnar hér en helstu niðurstöður voru þessar:

- 23 starfsmenn af 25 höfðu trú á eigin getu við uppeldi og menntun barna og sama má segja um trú á eigin getu við daglegt skipulag. Einnig höfðu 23 af 25 starfsmönnum trú á eigin getu til að tryggja börnum jöfnuð.
- 21 starfsmaður svaraði spurningunni um það hvort það ætti sér stað virkar umræður í leikskólanum um starfið og kom í ljós að í Krakkakoti telja starfsmenn að virk umræða fari fram um stafið sjálft, barnahópin, foreldrasamstarf, hvernig börn læra, félagsfærni barna og leiðir til að efla hana, samskipti starfsmanna og barna, um mál sem varða börn með sérþarfir, hlutverk starfsmanna, stjórnun og forystu og annað sem viðkemur starfinu.
- Skiptar skoðanir voru á hvort starfsmönnum fyndist foreldrar taka virkan þátt í skólastarfinu. Flestir töldu þó að foreldrar tækju virkan þátt í við upphaf skólagöngu og að foreldrar fylgdust grant með framförum barna sinna. Starfsmenn voru ekki sammála um að lögð væri áhersla á að foreldrar tækju virkan þátt í skólastarfinu og að foreldrar mættu vel á fundi sem þeir væru boðaðir á í leikskólanum.
- 82,3% starfsmanna voru mjög eða frekar ánægð með þann stuðning sem börn með sérþarfir fengu í leikskólanum en 17,6% frekar óánægð.
- 52,4% starfsmanna sögðust fá undirbúningstíma miðað við 74% yfir landið. 47,6% sögðust ekki fá undirbúningstíma miðað við 26% yfir landið.
- 82,6% starfsmanna hafa starfað við skólann í 4 ár eða fleiri og 17,4% í fjögur ár eða færri
- Fjarvera starfsmanna vegna veikinda var á pari við landsmeðaltal.
- 2 starfsmenn af 24 sem svöruðu töldu sig hafa orðið fyrir áreytini frá öðrum starfsmanni. Eingin starfsmaður taldi sig hafa orðið fyrir áreytini frá foreldrum barna og eingin starfsmaður taldi sig hafa orðið fyrir eineldi af hendi annars starfsmanns eða foreldrum.
- Þegar á heildina er litið var 91,6% starfsmanna eða 22 starfsmenn mjög eða frekar ánægðir í starfi 4,2% (1 starfsmaður) frekar ósammála og 4,2% (1 starfsmaður) mjög ósammála.

Einnig komu fram fjöldinn allur af athugasemdum frá starfsfólki flestum jákvæðum einn einnig ábendingar um hvað mætti betur fara. Stjórnendur hafa þar tæki til skoða hvernig bæta megi starfsaðbúnað starfsmanna.

### **Snemmtæk íhlutun**

Tekist hefur að styrkja verulega þau börn sem þurfa á hverskonar snemmtækri íhlutun að halda s.s. málörvun, máltjáningu, efla orðaforða, þjálfra félagsfærni, þjálfra hreyfifærni og/eða þurfa hverskonar örvun. Tákn með tali hefur verið nýtt í öllum leikskólanum og eflir það og styrkir börn sem erfiðara eiga með að tjá sig með orðum. Markvissir samráðsfundir sérkennslustjóra, leikskólastjóra, talkennara og fulltrúa sérkennslumála hjá Garðabæ eru haldnir einu sinni í mánuði þar sem farið er markvisst yfir málefni þeirra barna sem þurfa á einhvern hátt á inngripi að halda vegna t.d. málþroska.

Reglulegir fundir sérkennslustjóra og ábyrgðaraðila hafa skilað miklum árangri með vinnuna inni á deildum. Ábyrgðarmenn með sérkennslunni hafa verið gerðir ábyrgir fyrir að sérkennslan eigi sér stað með markvissum hætti inni á deildum barnanna. Þeir skrá hvað er gert og skrá ástæðu þess ef ekki er hægt að sinna sérkennslunni inni á deildum eins og lagt er upp með t.d. vegna veikinda barns eða ef það mætir seint eða ekki í skólann.



### Samstarf leik- og grunnskóla

Skilafundur var haldin vorið 2016 í Álftanesskóla um barnahópinn sem hóf skólagöngu sína í Álftanesskóla nú í haust 2016. Góður undirbúningur og samtöl milli kennara skólastiganna tveggja er mikilvægur liður fyrir farsælan framgang nemenda á nýju skólastigi. Öllum gögnum um barnið sem kunna að gagnast grunnskólanum fyrir áframhaldandi velferð og kennslu barns er

skilað til grunnskólans s.s. eins og Hljóm-2 prófum. Líkt og í fyrra fékk barnið fékk að velja „Námsögur“, teikningar og annað það úr ferilmöppu sinni sem það vildi að færi með því yfir á næsta skólastig. Þetta var gert á fundi sem barnið sat með deildastjóra og var niðurstaðan síðan kynnt fyrir foreldrum.

Sérkennslugögnum er skilað á sérstökum skilafundi milli grunnskóla og sérkennsluteymis Garðabæjar.



#### Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla:

- tengja skólastigin saman
- skapa samfellu í námi og kennslu barna / nemenda á þessum tveimur skólastigum
- stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- skapa farveg að upplýsingamiðlun milli skólastiga
- auka skilning og þekkingu á starfi kennara á hvoru skólastigi
- persónuupplýsingar sem liggja fyrir um barn og eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun þess skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16.gr. laga um leikskóla nr. 90/2009. Slíkar upplýsingar eru settar fram á skilafundi milli skólastiga sem eru á vorin. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess. Meðferð slíkra mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.



## Foreldrar

- foreldrar fá upplýsingar um samstarf leik- og grunnskóla í upphafi síðasta skólaárs nemanda í leikskólanum
- foreldraviðtöl í leikskólanum í mars- apríl
- foreldrar nýrra nemenda við Álftanesskóla boðaðir á kynningarfund í mars/apríl
- annar kynningarfundur í maí

## Mat á samstarfi leik- og grunnskóla

Deildastjórar ásamt leikskólastjórum og tengiliði grunnskóla hittust á vordögum og fóru yfir samstarfið síðasta skólaár. Það var mat allra að það hafi gengið vel. Þó var rætt að með nýju fyrirkomulagi væri mjög misjafnt hvaða upplýsingar kæmu frá leikskólunum með börnunum, þetta þyrfti að samræma betur. Það krefst töluverðrar vinnu og samræmingar að



undirbúa það sem barn og leikskólakennari senda með barninu á grunnskólastigið. Ef þessi vinna nýtist grunnskólakennurum líðið sem ekki neitt þá er betur heima setið en af stað farið. Við erum ákaflega ánægð með samstarfið á milli leik- og grunnskóla og teljum að það undirbúi komandi nemendur Álftanesskóla mjög vel undir grunnskólagönguna. Allt umhverfi grunnskólans er þeim orðið nokkuð kunnugt þegar þau byrja í Álftanesskóla.

Við erum einni afar ánægð með það fyrirkomulag að frístund grunnskólans bjóði upp á frístundarúrræði frá 15. ágúst fyrir þá nemendur sem eru að hefja grunnskólagöngu sína haustið 2016. Það gerði leikskólanum kleyft að hefja aðlögun nýrra barna að fullu 15. ágúst.

### Foreldrasamstarf – helstu áherslur

Samskipti foreldra og leikskóla eru með miklum ágætum í Krakkakoti.

#### Foreldraviðtöl

Foreldrum barna sem eru að byrja í skólanum er boðið í foreldraviðtal u.þ.b. tveimur mánuðum eftir að barnið byrjar. Eins er foreldrum barna sem flytjast milli deilda á haustin boðið í viðtal þegar barnið er búið að vera um tvo mánuði á nýju deildinni. Hefðbundin foreldraviðtöl eru einu sinni á ári í mars – apríl.

Foreldrum gefst einnig tækifæri til að koma ábendingum til starfsfólks og annað sem þau vilja koma á framfæri varðandi barn sitt. Foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali hvenær sem er ef þeir óska þess við deildastjóra eða leiksólastjóra.

#### Þátttaka foreldra/fjölskyldu í leikskólastarfinu

Leikskólinn býður fjölskyldum barnanna að koma inn í leikskólann á eftirfarandi dögum/viðburðum;

- Í lok tónlistartíma
- Opnu húsi í maí
- Ömmu- og afadaginn
- Á foreldraviðtalsdögum
- Á skipulögðum foreldrafundum
- Útskrift elstu barna
- Sumarhátíð
- Aðventukaffi í lok nóvember/byrjun desember
- Foreldrar eru auk þess alltaf velkomnir í leikskólann



#### Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert foreldraráð (skv. 11. gr. laga um leikskóla no. 90), þar sem sitja að lágmarki þrír foreldrar. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda (fræðslunefndar), (sbr. 2. gr. 4. gr. laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Að auki hefur foreldraráð

umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráðið starfaði samkvæmt starfsreglum sem það setti sér en skólaárið 2014-2015 sátu eftirtaldir foreldrar í foreldraráði:

|                           |                        |
|---------------------------|------------------------|
| Eva Lind Vestmann         | foreldri á Bjarmalandi |
| Matthildur Þórarinsdóttir | foreldri á Bjarmalandi |
| Agnes Konráðsdóttir       | foreldri á Heimalandi  |

### Foreldrafélag

Fulltrúar foreldrafélagsins hittust eftir þörfum síðasta skólaár. Boðað var til aðalfundar í byrjun október 2013. Félagið studdi mjög vel við starf leikskólans og bauð upp á margvíslegar upptækur og keypti hluti eins og hitamæla, möppur undir námsögur fyrir öll börn skólans, hljómflytningstæki og myndavélar fyrir leikskólann.

Skólaárið 2015-2016 sátu eftirtaldir foreldrar í foreldrafélaginu:

|                                            |                        |
|--------------------------------------------|------------------------|
| Hanna Dögg Þórðardóttir, formaður          | foreldri á Draumalandi |
| Rakel Margrét Viggósdóttir, ritari         | foreldri á Bjarmalandi |
| Hadda Hrund Guðmundsdóttir, gjaldkeri      | foreldri á Draumalandi |
| Dóra Guðlaug Árnadóttir, meðstjórnandi     | foreldri á Óskalandi   |
| Lovísa Karítas Magnúsdóttir, meðstjórnandi | foreldri á Bjarmalandi |
| Hanna M. Benediktsdóttir, meðstjórnandi    | foreldri á Bjarmalandi |

### Túlkapjónusta fyrir foreldra

Til að foreldrar geti gætt hagsmuna barna sinna og gagnkvæm upplýsingarráðgjöf milli foreldra og skóla sé greið, er foreldrum sem ekki tala íslensku eða nota táknmál boðið að fá túlkun á upplýsingum sem talðar eru nauðsynlegar vegna þessara samskipta. Átta börn voru tvítyngd í Krakkakoti á síðasta skólaári og kallað var eftir túlki í fjórum tilvikum.

### Nýbreytni í leikskólastarfinu

**Þróunarverkefnið** „Ábyrgð notkun spjaldtölva í leikskólastarfi með 1-6 ára Börnum“ var hrundið af stað á haustdögum 2015 og unnið undir handleiðslu Ingibjargar Jónsdóttur fram til vors 2016. Haldin voru tvö örnámskeið fyrir alla kennara skólans um umgengni og notkun spjaldtölvu. Kennarar náðu flestir að tileinka sér vinnu með þetta verkfæri. Vinnan með spjaldtölvurnar með börnunum gekk misvel þar sem spjaldtölvurnar voru ekki margir á hverri deild og geymslumagn þeirra mjög takmarkað. Niðurstaða okkar mats við lok þróunarverkefnisins var að við myndum ekki þróa þessa vinnu frekar að svo stöddu heldur

nota spjaldtölvurnar til að grípa í og nota til að dýpka þekkingu og skilning barna á einhverjum ákveðnum málefnum sem verið er að fjalla um hverju sinni.

**Skólinn** fékk einnig úthlutað styrk fyrir þróunarverkefninu „Hugarró nemenda“ og var því verkefni einnig hrunið af stað á haustdögum 2015. Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónstóttir voru okkar stoð og stytta í verkefninu og hjálpuðu okkur af stað með verkefnið og fylgdu því eftir allan veturinn. Í þessari vinnu nýttum við okkur allt það efni sem þær hafa búið til fyrir leik- og grunnskóla til að koma á hugarró hjá nemendum. Efla sjálfstæði og sjálfstraust og hafa hugrekki til eigin ákvarðana.

Þróunarekefnið gekk vel, við tókum lítil skref í einu og erum ákveðin í að þróa þetta enn frekar og halda þessu á lofti í skólastarfinu okkar í framtíðinni.



### **Deildastjórar tóku starfsmannasamtöl við sína starfsmenn.**

Sú nýbreytni varð á vorið 2016 að deildastjórar tóku sjálfir starfsmannasamtöl við starfsmenn sína en sá háttur hefur ávalt verið hafður á að leikskólastjórar taki þessi starfsmannasamtöl. Mæltist þetta vel fyrir og var ákveðið að þessi háttur yrði hafður á starfsmannasamtölunum annaðhvort ár. Leikskólastjóri tók svo starfsmannasamtöl við deildastjóra, sérkennslustjóra og starfsmenn eldhúss.

### **Stoð- og sérfræðipjónusta**

Sérkennslustjóri hefur haft umsjón með málefnum einstakra barna sem þurfa á einhvers konar stuðningi að halda við nám sitt í leikskólanum. Ef þörf er á frekari innngripum í námi barna þá er kallað eftir aðstoð sérfræðiteymis sem staðsett er á bæjarskrifstofu Garðabæjar og leitað ráðgjafar eða tilvísun send þar sem óskað er eftir frekari athugun t.d. talmeinafræðings eða sálfræðings. Talmeinafræðingurinn Stella Hermannsdóttir kom til okkar vikulega í vetur. Starf hennar er margvíslegt og okkur mikill stuðningur. Stella greinir til að mynda vanda með málþroskaprófum og gefur sérkennslustjóra, starfsmönnum og foreldrum góð ráð



varðandi málvanda barna. Einnig vísar hún börnum áfram í talkennslu sé þess þörf og hefur milligöngu um þau mál.

### **Sérþarfir barna**

Alls nutu 26 börn sérkennslu eða stuðnings að einhverju tagi. Alls var leikskólanum Krakkakoti úthlutað 0,75 stöðugildi til að sinna sérkennslu barna í skólanum.

### **Fyrirkomulag sérkennslu**

Unnið var eftir einstaklingsáætlunum sem útbúnar voru fyrir börnin. Ýmist var unnið með þau einstaklingslega, í litlum hóp eða inni á viðkomandi deild. Unnið var að markmiðum einstaklingsáætlana undir handleiðslu sérkennslustjóra.

### **Símenntun 2015 - 2016**

Við skipulag símenntunar er reynt að samræma þarfir leikskólans og óskir starfsmanna til að fjölbreytt þekking sé til staðar í leikskólanum og skólaþróun eigi sér stað. Við höfum fengið fyrirlesara inn í leikskólann eða námskeið fyrir alla starfsmenn sem hafa nýst vel.

- Nýr sérkennslustjóri fór á sérstakt námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands sérstaklega ætlað sérkennslustjórum og snéri að verksviði og hlutverki sérkennslustjóra.
- Allir deildastjórar fara á örnámskeið um læsi sem er haldi milli kl. 12:30 og 14:30
  - 22. september – Markviss málörvun
  - 14. október – Orðaspjall
  - 12. nóvember – Heimspekileg samræða
  - 19. janúar - Sögupokar, að segja sögur, söguskjóður, Leikur að bókum.
  - 17. febrúar – Hljóðgreining og leikur með stafi, að skrifa sig til læsis, Ritmál sýnilegt
  - 17. mars – Að virkja foreldra
  - 12. apríl – Orðabók, lykilpersóna, Móðurmálskennsla
  - 11. maí – Lubbi finnur málbein, tölum saman og ljáðu mér eyra, ýmis önnur verkefni.
- Einn starfsmaður fór á námskeiðið Barnið í leik (Guðrún Bjarnadóttir).

- Allir starfsmenn sóttu tvö örnámskeið í notkun Ipads sem Ingibjörg Jónsdóttir hélt fyrir okkur
- Allir starfsmenn fengu handleiðslu og leiðbeiningar frá Unnir Örne Jónsdóttur og Hrafnhildi sigurðardóttur vegna þróunarverkefnisins „Hugarró nemenda“.
- Allir starfsmenn fengu 4 tíma námskeið hjá Rafal Marcdin Figlarski í Skyndihjálpi þann 17. Maí 2016.

Starfsfólk er hvatt til að sækja námskeið sem skólaskrifstofur sveitarfélaganna í „Kraganum“ bjóða upp á. Vegna ýmissa upptákna í daglegu starfi, s.s. veikinda, fór starfsfólk á færri námskeið en við hefðum óskað. Símenntun er leikskólanum nauðsynleg, hún er hvatning til nýbreytni í skólastarfinu og hægt er að nýta hana sem góða viðbót við það starf sem fyrir er.

### **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auðga gæði þess og gera það skilvirkara. Mat á innra starfi skólans fer fram á deildastjórafundum, deildafundum og starfsdögum. Einnig fer matið fram í foreldraviðtölum og með rýnihópum. Deildastjórar skila til leikskólastjóra skriflegri umsögn um hvernig foreldraviðtölin hafa gengið og gera grein fyrir ábendingum frá foreldrum ef einhverjar eru. Þær ábendingar eru svo teknar til umfjöllunar og gerðar tillögur um umbætur.

Leikskólastjóri tók starfsmannasamtöl við alla deildastjóra, sérkennslustjóra og starfsfólk eldhúss skólans í mars. Í starfsmannasamtölum er farið yfir líðan og væntingar starfsmann, starfsánægju og skipulag skólans. Í starfsmannasamtölum gefst starfsfólki tækifæri til að koma með ábendingar um starfshætti skólans og ræða um það sem brennur á þeim varðandi starfið og starfsumhverfi. Deildastjórar tóku starfsmannasamtöl við sitt starfsfólk og komu niðurstöðum þeirra samtala til leikskólastjóra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að taka ábendingar starfsfólks til umfjöllunar og reyna eftir fremsta megni að vinna að úrbótum t.d. með að óska eftir bættu vinnuumhverfi starfsmanna.

### **Markmið innra mats, samkvæmt lögum um leikskóla er að:**

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra

- tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum
- Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

### **Innra mat á árinu 2015 - 2016**

Mat á skólastarfi Náttúruleikskólans Krakkakots fyrir árið 2015 - 2016 var unnið af starfsfólki skólans á deildarfundum, starfsmannafundum og skipulagsdögum. Starfsmenn unnu matið í rýnihópum og var blandað bæði af yngri og eldri deildum í rýnihópunum. Einnig var gerð starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins eins og áður hefur komið fram. Fjölmargir þættir skólastarfsins voru metnir samkvæmt starfsáætlun. Einnig var endurmat á helstu verkefnum og áherslum skólaársins gert á hverri deild fyrir sig.

### **Mat starfsfólks á skólastarfi 2015-2016.**

Samkvæmt starfsáætlun einbeittum við okkur að því að meta eftirtalda þætti skólastarfsins:

- Foreldrasamstarf
- Fjölbreyttar leiðir til að meta skólastarfið með þátttöku allra sem að skólanum koma
- Lesmál
- Nám og leik barna
- Hvernig auðga starfsmenn leik barna
- Hvatning stjórnenda til að efla starfsfólk í að rýna hlutverk sitt í leik barna og yfirfæra það yfir í starfið með börnunum
- Uppeldi til ábyrgðar
- Góður starfsandi og vel upplýst starfsfólk
- Einnig fengu deildastjórar það hlutverk að meta dagskipulag deildar sinnar með starfsfólki sínu

## Niðurstöður mats

### Foreldrasamstarf.

- Við teljum að við stöndum okkur mjög vel í samskiðtum við foreldra. Í flestu tilfellum er gott persónulegt samband við foreldra. Við teljum mikilvægt að halda áfram að tala við foreldra maður á mann og að samskipti okkar á milli fari ekki bara fram með tölvupósti. Það virðist einnig skorta á að foreldrar lesi þann póst sem skólinn sendir. Haustfundir með foreldrum hjálpuðu einnig mjög mikið til við upplýsingaflæðið.
- Haustfundirnir tókust vel þó eru skiptar skoðanir um ágæti þeirra. Starfsfólki finnst að þeir leggi mikinn tíma í undirbúning fyrir fundina sem skila sér ekki nógu vel þar sem það mæta ekki allir á fundina. Fundirnir eru þó góð leið til að koma upplýsingum á framfæri og að foreldrar kynnist hver öðrum og starfsfólki betur.
- Allir voru sammála um að foreldraviðtöl hefður gengið mjög vel og allir foreldrar hafi verið ánægðir með það fyrirkomulag að leggja „Námsögurnar“ til grundvallar í foreldraviðtölum. Það sé þó alltaf þörf á því að fara yfir önnur atriði í foreldrasamtölum t.d. ef barn á við hegðunarvanda að stríða. Einstaka foreldrar hafi þó kallað eftir þroskamati með viðmiðum.

### Fjölbreyttar leiðir til mats

- Allir rýnihóparnir voru sammála um að þetta hefði ekki náðst. Þó sé hugsanlega meiri þátttaka t.d. barna á eldri deildum.
- Starfsmenn töldu að aldur og þroski barnanna skipti máli í t.d. að hverju er spurt og að það þyrfti að vera lítill hópur í einu sem tæki þátt í spurningamati. Hægt væri að nýta samverustundir til að framkvæma mat og gott að hafa ákveðið form sem notast væri við þegar börnin ættu að meta starfið. Væri þá hluti af daglegu starfi.
- Allir voru sammála að börnin þyrftu að hafa rödd og sú rödd ætti að fá að hljóma. Leifa lýðræðislegar kosningar t.d. um gönguferðir og hvað er í matinn.

### Lesmál

- Allir rýnihópar voru sammála um að okkur hefði ekki tekist að festa „Lesmálið“ í sessi með markvissum lestrarstundum þar sem farið er eftir ákveðnu ferli við lestur bókar.

- Allir voru sammála um að við höfum það markvisst í huga að auka orðaforða barnanna með því að staldra við í lestri, taka orð út úr sem við skiljum ekki og útskýra það, spyrja börnin út úr sögunni, stoppa og endurtaka.
- Allir voru sammála um að okkur hafi tekist að hvetja foreldra til að auka lestur með börnum sínum með því að hleypa af stokkunum lestrarátaki og skrá niður og búa til bókaorm. Með því að hvetja foreldra til að leyfa börnum sínum að koma með bækur í leikskólann og með bókavíkunni á haustin.

### **Nám og leikur barna**

- Allir rýnihópar voru sammála um að nám og leikur sé samofin öllu starfi skólans jafnt í daglegum athöfnum og leik. Við leyfum barninu að prófa sig áfram, erum með opin efnivið, umhverfi skólans hvetjandi til náms og leiks. Í hvetjandi umhverfi verður barnið skipandi. Starfsfólk er mjög meðvitað um að leiðbeina í gegnum leikinn.
- Allir rýnihóparnir voru einnig sammála um að okkur hafi tvímælalaust tekist að auðga leikinn með vel ígrunduðum efniviði og leikefni, það megi þó alltaf gera betur.

### **Hvatning stjórnanda til að efla starfsfólk í að rýna hlutverk sitt**

- Allir rýnihóparnir telja að stjórnendum hafi tekist þetta að mörgu leyti. Starfsfólk er vel upplýst um mikilvægi frjálsa leiksins og hvernig við mætum honum með ýmiskonar ígrunduðum efniviði.
- Með tilkomu námssagnanna hefur starfsfólk fengið nýja sýn á leik barnanna bæði með því að veita honum meiri athygli og ígrunda það sem er að gerast í leik barnanna.
- Starfsmenn voru sammála um að hlutverk starfsfólks í leik barna væri að vera;
  - Leiðbeinandi en ekki stýrandi
  - Vera tilbúin að grípa inni í aðstæður sem upp kunna að koma í leik barna og þau ráða ekki við
  - Að vera alltaf til staðar
  - Að fylgjast með
  - Að vera á gólfinu með þeim
  - Að mæta þörfum þeirra
  - Að auðga leikinn með fjölbreyttum efnivið

### Uppeldi til ábyrgðar

- Allir rýnihópar töldu að við mættum þörfum barnanna út frá þarfahring uppbyggingarstefnunnar um öryggi, ást og umhyggju, frelsi, gleði og áhrif. Þetta er gert með því að;
  - Reyna að staðsetja þarfir þeirra
  - Mæta þörfum þeirra
  - Hlusta á hvað börnin hafa að segja
  - Hjálpum þeim að finna lausnir ef þau finna þær ekki sjálf
  - Hjálpum þeim að fylgja úrlausnum þeirra eftir
  - Notum orðræðu uppbyggingastefnunnar
  - Erum með einstaklingsnámskrá fyrir þá sem það þurfa
  - Gefum barni tækifæri til að jafna sig eftir að upp hefur komið ágreiningur og reyði

### Góður starfsandi/vel upplýst starfsfólk

- Allir rýnihópar sammála um að morgunfundirnir gefi gott upplýsingaflæði sem og deildfundir og starfsmannafundir. Deildstjórnarnir eru duglegir að halda öllum vel upplýstum.
- Allir rýnihóparnir voru sammála um að almennt sé góður starfsandi. Við þurfum serstaklega að passa uppá starfsandann þegar það er mikið álag. Viðhorfin liggja hjáokkur sjálfum. Við berum sjálf ábyrgð á að starfsandinn sé góður. Líta í eigin barm.
- Flestir voru einnig sammála að ef við hjálpumst að þá getum við leyst hluti eins og þá að leyfa starfsmönnum að komast á námskeið og í veikindum. Hægt væri að ;
  - Lána fólk á milli deilda
  - Dreifa börnum á milli deilda
  - Hafa flæðandi kaffitíma
  - Vera undirmannaðar hluta úr degi

## Endurmat á skipulagi og starfi deilda.

Deildastjórar fengu það hlutverk að meta starf sinna deilda með starfsfólki sínu. Matsþættirnir voru;

- Dagskipulag deildar
- Gæði innra starfs deildar
- Starfsmannahópurinn
- Foreldrasamstarf

Niðurstöður mats var jákvætt og gott og kom starfsfólk með tillögur af úrbótum þar sem þess gerist þörf. Dagskipulag leikskólans er mjög sveigjanlegt og er aðlagð að barnahópnum

hverju sinni. Dagskiplagið tók töluverðum breytingum þegar farið var að taka inn 12 mánaða börn í skólann. Þeirra þarfir eru mjög ólíkar þörfum eldri barna og var þörfum þeirra mætt t.d. með því að flýta matartíma þeirra til kl. 10:50 þar sem þau eru orðin úrvinda á þeim tíma og þurfa hvíld.



## Öryggismál skólans

Í leikskólanum er til ferli vegna slysa og slysaskráning. Starfsfólk fær með reglubundnu millibili námskeið í Skyndihjálpi (síðast 17. Maí 2016) þar sem kennd eru viðbrögð við algengustu slysum. Eineltisáætlun og rýmingaráætlun vegna bruna er til. Skólalóðin er yfirfarin daglega þar sem rýnt er í hættur sem kunna að leynast á lóðinni. Rýmingaráætlun er einnig til staðar. Brunaæfing fer fram einu sinni á ári að vori. Einnig er til viðbragðsáætlun vegna influensu en hægt að nálgast viðbragðsáætlun á heimasíðu skólans.

## Slys á börnum – samantekt

### Fjöldi skráðra slysa frá 1. sept. 2015 – 31. ágúst 2016

Fjöldi skráðra slysa voru 4 talsins. Slysinn áttu sér stað á tímabilinu 9:20 – 15:00 og áttu öll slysinn sér stað á mismunandi stöðum. Eitt slys átti sér stað á útisvæði (barn henti klaka í annað barn), eitt í púðaherbergi, eitt í aðal leikstofu og eitt í fataklefa. Skráð voru slys hjá einni stúlku og 3 drengjum. Öll óhöppin voru minniháttar.

### Húsnæði og viðhald

- Keyptur búnaður á yngri deildir, borð og stólar
- Lögð var hitalögn í gólf á yngstubarnadeild skólans
- Hafist var handa við að gera upp annan áfanga útileiksvæði Krakkakots. Áætluð verklok er í lok sept. 2016.

### Lokaorð

Starf leikskóla er afar fjölbreytt, skemmtilegt, krefjandi og við ákveðnar aðstæður afar erfitt. Ég fullyrði það að skólabragur í Krakkakoti einkennist að kærleiksríku umhverfi, virðingu, jákvæðni og leikgleði. Í öllum aðstæðum síðasta skólaárs valdi starfsfólk Krakkakots að takast á við verkefni og daglegt starf með jákvæðnina að vopni. Hjálpssemi og öflug liðsheild einkenndi skólastarfið veturinn 2015 – 2016. Mig langar að hrósa deildastjórum á Krakkakoti sérstaklega fyrir lausnamiðaða vinnu, samvinnu og hvernig þeir tókust á við aukna ábyrgð af mikilli einurð og eljusemi. Annað starfsfólk leikskólans tókst einnig á við starfið að jákvæðni, virðingu, áhuga og gleði. Sú sem þessi lokaorð ritar er ákaflega þakklát fyrir að fá tækifæri til að starfa með frábæru fagfólki sem er lausnamiðað með eindæmum og horfir virkilega út fyrir hinn „fræga KASSA“.

Það er því með bjartsýni og tilhlökkun sem við í Krakkakoti horfum fram á veginn og hlökkum til að takast á við hin fjölbreyttu verkefni sem sérhver dagur ber með sér.

F.h. Náttúruleikskólans Krakkakots

Hjördís Guðrún Ólafsdóttir  
leikskólastjóri

### *Fylgiskjöl:*

Skóladagatal 2015-2016